

RARIK ehf
Haraldur Jónatan Klausen
Bíldshöfða 9
110 Reykjavík

Reykjavík, 2. apríl 2024
UST202403-318/A.B.
10.05.04

Efni: Umsögn - RARIK - Strenglögn um svæði á náttúruminjaskrá - Múlaping

Vísað er til erindis RARIK er barst 20. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða strenglögn sem liggur frá Hjarðarhlíð norður að Þingmúla. Auk þess segir að lögnin fari um landsvæði sem flokkað er sem aðrar náttúruminjar (c-hluti náttúruminjaskrár)

Í erindinu segir að framkvæmdin er liður í endurnýjun dreifikerfis RARIK ehf. og strengurinn sem er 11 kv háspennustrengir verður plægður samkvæmt verklagsreglum RARIK. Í framhaldi verður loftlínan sem hefur þjónusta þetta svæði síðan 1970 rifin.

Allir notendur á þessari leið, munu fá aðgang að þriggja fasa rafmagni, auk þess sem öryggi á afhendingu rafmagns eykst. Fyrirhuguð strengleið er valin með tilliti til þess að valda sem minnstu raski á umhverfi.

Náttúruminjaskrá

Í erindinu kemur fram að svæðið er á náttúruminjaskrá og nefnist það Þingmúli, Skriðuvatn, Haugahólar og Vatnaskógar, Skriðdalshreppi, S-Múlasýslu. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: „Rætur fornrar megineldstöðvar (Þingmúli), fjölbreyttar jarðmyndanir, framhlaup og steingervingar frá tertíer. Söguminjar við Þingmúla. Skriðuvatn er lífríkt vatn í gróðursælu umhverfi.“

Strengurinn er lagður á stórum hluta í tún, en einnig í óröskuð svæði sem mun valda að mati Umhverfisstofnunar óverulegum áhrifum með góðum frágangi og endurheimt og mun gróður ná sér á nokkrum árum. Umhverfisstofnun bendir á að strengleiðin liggur á a.m.k. einum stað um votlendi, þar sem mikilvægt er að huga að góðum frágangi.

Umhverfisstofnun bendir á að strenglögnin mun fara yfir framhlaup og austan við annað framhlaup norðan við Múlastekk. Auk þess mun strenglögnin að öllum líkindum liggja í lausum jarðlögum nyrst á framkvæmdarsvæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar mun framkvæmdin hafa óveruleg áhrif á verndargildi svæðisins ef staðið er vel að frágangi og plógför og belta/hjólför eftir tæki séu afmáð.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að einungis verði strengurinn lagður í laus jarðlög þar sem góður frágangur á yfirborði er mögulegur.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur